



Regula - lögmannsstofa
Eva Dís Pálmadóttir hrl
Hafnarbraut 40
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 14.10.2009
Tilv. 200812103 - 33-4-1

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa vísar til erindis yðar dags. 8. júní 2009, bréfs Ábyrgðasjóðs launa til yðar dags. 17. febrúar 2009 og erindis yðar dags. 19. desember 2008.

Í bréfi yðar dags. 8. júní 2009 er þess er krafist að Ábyrgðasjóður launa samþykki ábyrgð á kröfum fyrrum starfsmanna starfsmannaleigunnar Nordic Construction Line, sem skráð er í Lettlandi, með vísan til 7. gr. laga nr. 88/2003.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur tekið fyrir kröfu yðar á tveimur fundum sínum og komist að þeirri niðurstöðu að henni beri að hafna alfarið.

Rök stjórnarinnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er um lettneskt fyrirtæki að ræða sem eingöngu hafði í sinni þjónustu lettneska starfsmenn. Af því leiðir að gjaldþrotavarnarþingið er í Lettlandi þó svo að greiðsluvarnarþingið sé hér á landi. Gera verður ráð fyrir að þarlendir starfsmenn geti aflað upplýsinga um meðferð gjaldþrotaskipta í heimalandi sínu og þeir ættu að geta leitað réttar síns þar.

Í öðru lagi voru laun og launatengd gjöld öll greidd í Lettlandi sem þýðir í raun að „gjaldþrotatrygging“ er keypt þar í landi. Ábyrgðasjóður launa er fjármagnaður með hluta tryggingagjalds sem launagreiðandi greiðir í því skyni að takmarka tjón starfsmanna sinna komi til gjaldþrots fyrirtækisins. Það vegur eðli málsins samkvæmt þungt í afstöðu stjórnarinnar, að ekkert hefur verið greitt til Ábyrgðasjóðsins launa vegna umbjóðenda yðar, hér á landi.

Í þriðja lagi er bent á að lög um nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa eru innleiðing á tilskipun nr. 80/987/EBE sbr. XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar segir í 2. og 3. tölulíðum samantektar um markmið og tilgang tilskipunarinnar:

„ 2) Tilgangurinn með tilskipun 80/987/EBE () er að kveða á um að launþegar njóti lágmarksverndar við gjaldþrot vinnuveitanda. Í þessu skyni ber aðildar-ríkjunum skylda til að koma á fót sjóði sem tryggir greiðslur á óinnheimtum kröfum hlutaðeigandi starfs-manna.

3) Aðlaga ber tiltekin ákvæði þeirrar tilskipunar vegna breytinga á gjaldþrotalögum í aðildarríkjunum




og þróunar innri markaðarins."

Þar sem Lettland er aðildarríki Evrópusambandinu hefur framangreind tilskipun lagagildi þar í landi og styður það enn þá afstöðu stjórnar Ábyrgðasjóðs launa að umbjóðendur yðar skuli leita réttar síns þar í landi.

Í ljósi þess sem að framan er rakið tilkynnist það hér með að Ábyrgðasjóður launa hafnar kröfu yðar um að ábyrgjast kröfu umbjóðenda yðar á hendur starfsmannaleigunni Nordic Construction Line án undangengings gjaldþrots skv. 7. gr. laga nr. 88/2003.

Bent er á rétt til að krefjast rökstuðnings fyrir þessari ákvörðun skv. 21. gr. stjórnsluslaga nr. 37/1993. Jafnframt er heimilt er að kæra ákvörðunina til félags- og tryggingamálaráðuneytisins skv. 16. gr. laga nr. 88/2003 og er kærufrestur tveir mánuðir frá því aðila er tilkynnt um hana.

Virðingarfyllst,
f. h. Ábyrgðasjóðs launa


Unnur Sverrisdóttir forstöðumaður
stjórnslusviðs Vinnumálastofnunar